

Fundur í Delta-deild, haldinn í Reykholti laugardaginn 29. nóvember 2008.
Fundurinn hófst kl 17.00

Jólafundurinn okkar var haldinn í Fosshótel. Þetta var sérlega fallegur dagur, bjart, frost og stilla. Aðventan í nánd. Rauði liturinn og gylltu ketastjakarnir nutu sín vel í fundarherberginu.

Formaðurinn Ingibjörg Adda setti fundinn og kveikti á kertunum, kerti vináttu, kerti trúmennsku og kerti hjálpssemi. Þetta var inntökufundur og samkvæmt hefðinni hófst fundurinn á Orði til umhugsunar, sem Guðlaug Sverrisdóttir flutti. Hún sagði okkur frá jólahefðum, gömlum og nýjum sem fjölskylda hennar hefur tileinkað sér. Hún velti því fyrir sér hvað fjölskyldan er fastheldin á það gamla, það má helst engu breyta. En það gamla hentar ekki alltaf nútíma fjölskyldulífi og því óhjákvæmilegt að innleiða breytta siði. En að hrófla við þeim sið að skreyta jólatréð á Þorláksmessu, kom alls ekki til greina hjá fjölskyldu Gullu Sverris.

Eins og fyrr segir var inntaka nýrra félaga á dagskrá fundarins. Það er gleði að því að fá nýjar félagskonur. Þær Arnbjörg Stefánsdóttir og Sóley Sigþórsdóttir gengu til liðs við okkur í dag. Formaðurinn okkar stjórnaði inntökuathöfninni með aðstoð varaformanns og ritara.

Við bjóðum þær Arnbjörgu og Sóley hjartanlega velkomnar í félagsskapinn. Ingibjörg Adda færði þeim rós og festi nælu / merki Delta Kappa Gamma í barm þeirra. Þá stjórnaði Theódóra fjöldasöng : *Mamma fær það besta*, texti eftir Pál J. Árdal.

Ritari las fundargerð síðasta fundar.

Formaður las kveðjur frá fjarstöddum félagskonum og minnti konur á að greiða félagsgjöldin. Nýjir félagar gengu frá formlegri skráningu og félagskonur fögnuðu innkomu þeirra. Að því loknu bað formaður konur að kynna sig og segja á sér deili.

Gestur fundarins var Sigurður Rúnar Jónsson tónlistarmaður eða Diddi fiðla. Diddi sagði frá lífshlaupi sínu, fjölskyldu sinni og skemmtilegum verkefnum sem hann hefur fengist við.

Nú á huga hans allan gömul íslensk hljóðfæri og sagði hann okkur frá tveimur slíkum og spilaði. Þetta voru gömul íslensk fiðla og langspil / langleik. Langspil er ekki íslenskt hljóðfærði, er t.d. þekkt hljóðfæri á Norðurlöndunum og víða um heim. En fiðlan sem hann sýndi okkur, þekktist ekki annars staðar en hérlandis. Íslendingar fara alltaf erfiðu leiðina, sagði hann. Ekki auðvelt að spila á þessa íslensku útgáfu af fiðlu.

Fundi slitið kl 19.00

Matur snæddur á hótelinu og happdrættið var á sínum stað. Sú heppna þetta sinnið var Helga Guðmarsdóttir.

Að loknu borðhaldi var farið á tónleika í Reykholtskirkju. Þetta voru Aðventutónleikar þar sem Hljómskálakvintettinn ásamt Braga Bergþórssyni tenór og Birni Steinari Sólbergssyni organista fluttu ljúfa jólatónlist. Stjörnubjart kvöld er haldið var heim á leið um kl 22.00

Halldóra Jónsdóttir, ritari.